

Fimmtudaginn 27. október 2002, kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2.

Fundur hófst kl. 14:10

Mætt voru: Sólveig Óladóttir, Kristján Indriðason, Sveinbjörn Bjarnason, Siggeir Stefánsson og Björn Ingimarsson.

Varaoddviti setti fund og bauð menn velkomna, sérstaklega Kristján og Sveinbjörn, sem sitja nú sinn fyrsta hreppsnefndarfund.

Dagskrá:**1. Fundargerðir nefnda og ráða.**

- Hreppsnefndarfundur 10. sept. 02
 - Skólamálaráð 25.júlí 02
 - Skólamálaráð 26.júlí, - 31.07.02
- Fundargerðirnar samþ. samhljóða.
- Íþrótt og tómstundaráð 3.okt 02
- Fundargerðin samþ. samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Heilbrigðiseftirlit N.e 48. fundur 09.09.02
 - Heilbrigðiseftirlit N.e 49. fundur 01.10.02
 - Heilbrigðiseftirlit N.e 50. fundur 14.10.02
- Fundargerðirnar samþ. samhljóða.
- Eyþing stjórnarfundur 5. júní 2002. Kynning.
 - Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga stjórnarfundur 13.ág og 4. okt. 02. Kynning.
 - Bygginganefnd 12.sept. 02. Samþ. samhljóða.
 - Aðalfundur Tækifæris 5. júní 02. Kynning.
 - Stjórn samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 16.sept. 02. Kynning.

3. Skýrsla sveitarstjóra:

- Varaoddviti gaf Birni orðið og flutti hann greinargóða skýrslu.

4. Innsend erindi: Til kynningar:

- Persónuvernd notenda félagsþjónustu og barnaverndar. Björn kynnti málið.

Til afgreiðslu.

- Bréf vegna úrgangs á Heiðarfjalli.

Björn kynnti málið, einnig bréf dags. 15.október 02 til Ríkissaksóknara. Bréfið samþ. samhljóða með áorðnum breytingum, sem Björn kynnti áður.

- Bréf frá Halldóri Karel Jakobssyni dags. 07.okt. 02.

Málinu vísað til sveitarstjóra til afgreiðslu. Samþ. samhljóða.

- Tækifæri hf. - Hluthafafundur.

Björn kynnti málið, eftirfarandi tillaga lögð fram.

" Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að veita Íslenskum verðbréfum hf, fullt umboð til að fara með atkvæði sveitarfélagsins á fyrirhuguðum hluthafafundi 7. nóvember n.k." Samþ.samhljóða.

- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

Hækkun á framlagi sveitarfélaganna til A. Þ. Varaoddviti gaf Birni orðið og kynnti hann málið, lögð var fram eftirfarandi tillaga: " Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir fyrirbyggjandi beiðni frá Atvinnuþróunarfél. Þingeyinga um 10% hækkun framlags. Samþ. er þó með fyrirvara um að beiðnin hljóti samþykki þorra aðildarfélaganna A. Þ. Samþ. samhljóða.

5. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps. Seinni umræða.

- Sjá bókanir á fundi 10. sept. 2002. Samþ. samhljóða.
- Erindisbréf nefnda. Húsnæðisnefnd, Umhverfisnefnd, Íþróttá- og tómstundaráð og Ferðamálanefnd. Varaoddviti og sveitarstjóri kynntu erindisbréfin, sem einnig hafa verið kynnt í viðkomandi nefndum. Erindisbréfin samþ. samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun - þriggja ára. Fyrri umræða.

- Varaoddviti gaf sveitarstjóra orðið og kynnti hann áætlunina. Oddviti og sveitarstjóri munu eiga fund með eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaganna þriðjudaginn 29. okt. n.k. í Reykjavík, eftir þann fund yrði vinnufundur hjá hreppsnefnd, um þriggja ára fjárhagsáætlun. Samþ. samhljóða.

7. Rekstur Þórshafnarhrepps. Janúar - ágúst 02.

- Varaoddviti gaf sveitarstjóra orðið og kynnti hann rekstraryfirlitið, sveitarstjóri er að fara yfir rekstraryfirlitið með deildarstjórum sveitarfélagsins.

8. Fjármálaráðstefna sveitarfélanna.

- Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögu " Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að sveitarstjóri sækji fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna dagana 7. og 8. nóvember n.k. " Samþ. samhljóða.

9. Rekstur íbúða í félagslega kerfinu.

- Björn kynnti málið og dreifði til fundarmanna. " Samanburði á húsaleigu-útreikningi félagslegra íbúða"

Eftirfarandi tillaga lögð fram, frá fundi Húsn. nefndar 24.10.02 " Húsnæðisnefnd Þórshafnarhrepps leggur til við hreppsnefnd að stofnað verði sérstakt félag um rekstur og eignarhald á félagslegum íbúðum í eigu sveitarfélagsins. Í framhaldi af þessari breytingu verði leiguverð jafnað, miðað við stærð húsnæðis." Tillagan samþ. samhljóða.

10. Fræ ehf.

- Varaoddviti kynnti málið og lagði fram eftirfandi tillögu. " Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra, oddvita og varaoddvita endurskoðun samþykta Fræs ehf með það m.a. að leiðarljósi að félagið sinni fjárfestingar- og nýsköpunarverkefnum í sveitarfélaginu í framtíðinni." Tillagan samþ. samhljóða.

Dagskrá tæmd.

Fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða.

Fundi slitið kl. 16:50

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.